
Biskupstungnabraut (35-08) um Geysissvæðið, Bláskógabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1. Inngangur

Þann 10. mars 2026 barst Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) tilkynning frá Vegagerðinni um breytingu á Biskupstungnabraut (35-08) um Geysissvæðið, Bláskógabyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.08 í 1. viðauka laganna.

HMS leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Lands og skóga, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og Umhverfis- og orkustofnunar.

2. Gögn lögð fram

Tilkynning til HMS: Biskupstungnabraut (35-08) um Geysissvæðið og Tungufljót, Kynningarskýrsla. Vegagerðin Hönnunardeild. Mars 2026.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð dags. 1. apríl og 8. apríl 2026
- Fiskistofu dags. 27. apríl 2026
- Hafrannsóknastofnun dags. 1. apríl 2026
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 8. apríl 2026
- Landi og skógi dags. 13. apríl 2026
- Náttúrufræðistofnun dags. 8. apríl 2026
- Náttúruverndarstofnun dags. 15. apríl 2026

Ekki bárust umsagnir frá Minjastofnun Íslands og Umhverfis- og orkustofnun vegna málsins.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 7. maí 2026.

3. Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í vega- og brúarframkvæmd á rúmlega 5 km löngum kafla Biskupstungnabrautar (35) í Bláskógabyggð. Um er að ræða færslu Biskupstungnabrautar frá Geysissvæðinu, þannig að umferðin fari fram hjá svæðinu í stað þess að liggja í gegnum það. Í tengslum við færslu vegarins þarf að byggja nýja brú yfir Tungufljót. Stefnt er að því að framkvæmdir verði á árunum 2031-2035 og taki í heild 2-3 ár. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi allra vegfarenda, m.a. gangandi fólks og bílaumferðar og að tryggja greiðari samgöngur.

Fyrirhugað er að leggja nýjan 9 m breiðan veg sem liggur utan Geysissvæðisins, til að létta á svæðinu þar og byggja nýja tvíbreiða brú yfir Tungufljót sem er í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að fækka einbreiðum brúm á stofnvegum. Áætlað er að nota gömlu brúnna áfram á einhvern hátt sem tenging inn og út af Geysissvæðinu, fyrst og fremst fyrir umferð innan sveitarinnar en áætlað er að hún eigi a.m.k. eftir 30 ár af líftíma en þarfnist einhverra lagfæringa. Nýr vegur verður 5,1 km langur af vegtegund C9. Áður en framkvæmdir hefjast verður haft samráð við Bláskógabyggð, Náttúruverndarstofnun og landeigendur um til hvaða aðgerða skuli grípa við frágang núverandi vegar þegar hann verður aflagður sem stofnvegur, til að koma í veg fyrir gegnumstreymisumferð. Vegagerðin leggur til að vegurinn verði afmáður úr landi.

Á þeim hluta Biskupstungnabrautar sem fyrirhugað er að endurbyggja eru 6 tengingar við vegi á vegaskrá þar sem er heilsársbúseta eða þjónusta þ.e. Neðradalsvegur, Árgilsvegur, Helludalsvegur, Haukadalsvegur, Geysisvegur, Haukadalsvallarvegur og Brúarvegur. Til viðbótar eru 18 aðrar vegtengingar m.a. að frístundabyggð, ferðaþjónustusvæðum, námum, ám og vegslóðum.

Ræsi og ný brú

Á framkvæmdakaflanum eru nú átta ræsi og ein einbreið brú. Þau ræsi sem eru á núverandi vegi eru á bilinu 0,6-2,9 m að þvermáli. Stærstu ræsin eru þar sem vegurinn þverar Laugá, Beinár og Almenningsá. Ný veglína Biskupstungnabrautar liggur fast neðan ármóta Almenningsár og Beinár og því þarf mögulega að byggja brú á ána í stað þess að byggja tvö ræsi. Við ákvörðun á vatnsopi nýrrar brúar á Tungufljót og ræsa hefur verið tekið mið af vatnsopum á núverandi vegi. Ræsi verða endurnýjuð og staðsett þar sem búast má við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennandi vatn og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum að vori og þegar úrkoma er mikil. Ræsum verður enn fremur komið fyrir þar sem hætta er á að vatn geti safnast fyrir við veginn. Mögulegt er að ræsi í nýjum vegi verði fleiri en í núverandi vegi.

Ný brú yfir Tungufljót verður líklega plötubrú í tveimur höfum. Farvegur Tungufljóts er á bilinu 30-60 m á breidd þar sem nýr vegur liggur yfir það. Lagt er til að virkt vatnsop verði að minnsta kosti 42 m og að brúin nái að minnsta kosti yfir alla náttúrlega breidd farvegarins. Hönnunarforsendur nýrrar brúar á Tungufljót eru að straumhraði fari ekki yfir 4 m/s við hönnunarflóð og að rennsli á lengdarmetra brúar sé ekki minni en 6 m³/s á m. Ný brú verður því 61 m löng, með 42 m vatnsopi. Breidd brúargólfs er 9,0 m, bríkur eru 0,5 m og heildarbreidd brúar verður 10 m.


Efnisþörf

Áætluð efnisþörf framkvæmdarinnar er rúmlega 152 þúsund m³. Þar af koma tæplega 18 þúsund m³ úr skeringum og rúmlega 134 þúsund m³ úr námum. Átján efnistökusvæði hafa verið skoðuð en á þessu stigi liggur ekki fyrir hvaða námur verða nýttar en þær sem eru til skoðunar eru allar nema ein á aðalskipulagi. Áður en efnistaka úr vegskeringum og námum hefst, verður lífrænum jarðvegi sem finnst á svæðinu ýtt í haug og geymt til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur. Röskuð svæði verða mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis. Brúnir efnistökusvæða og skeringa verða aðlagðar að landinu í kring. Við frágang verður þess gætt að ekki myndist vatnsuppistöður í skeringum.

Valkostir

Vegagerðinn hefur skoðað þrjár útfærslur veglínunnar og niðurstaðan og segir í greinargerð Vegagerðarinnar að best sé að leggja veglínuna eins og hún er teiknuð inn á aðalskipulag Bláskógabyggðar. Aðalskipulagslínan liggir reyndar fast neðan ármóta Almenningsár og Beinár og

Því þurfi mögulega að byggja brú á ána sem er dýrari kostur í stað þess að byggja tvö ræsi. Samtöl við landeigendur og nálægð hinna valkostanna við mýrahveravist hafi leitt til þess að aðalskipulagslínan var valin.



Mynd 1. Fyrirhugað ný veglína sýnd með bláu (mynd fengin úr myndahefti Vegagerðarinnar sem fylgdi með matsskyldufyrirspurn).

Tengingar

Fram kemur í greinargerð Vegagerðarinnar að til að byrja með verði lagðar nýjar stuttar tengingar að núverandi Biskupstungnabraut við sinn hvorn enda framkvæmdasvæðisins. Einnig verði Haukadalsvegi breytt. Áður en mögulegt verði að loka fyrir gegnumstreymisumferð um núverandi veg um Geysissvæðið að fullu þurfi að breyta Haukadalsvegi á um 750 m kafla. Þegar Haukadalsvegi hafi verið breytt verði mögulegt að afmá núverandi veg á milli Litla Geysis Hótel og Haukadalsvegar. Með þeirri aðgerð skapist rými við Geysi og möguleiki opnast á því að hveravatn á svæðinu geti runnið nokkuð eðlilega út í Beiná. Síðar, þegar umferð hefur aukist og gerð hafa verið ný bílastæði við Geysissvæðið, yrði mögulega ráðist í gerð nýrrar tengingar milli Biskupstungnabrautar og Geysissvæðisins. Tilgreint er að möguleg lega nýrrar tengingar að Geysissvæðinu sé ekki hluti af þessari matsskyldufyrirspurn. Ný tenging við núverandi veg vestan Brúarár verði af vegtegund C8 og tenging við núverandi veg austan Brúarár verði af vegtegund C7. Færsla á Haukadalsvegi (333) verði af vegtegund C7.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að það sé ósamræmi í umfjöllun Vegagerðarinnar um veglínu í skýrslunni.

Náttúrufræðistofnun bendir einnig á að í framkvæmdalýsingu, í kafla 3.2.1, komi fram að síðar verði mögulega ráðist í gerð nýrrar tengingar milli Biskupstungnabrautar og Geysissvæðisins, að mati stofnunarinnar þurfi að fjalla betur um þann möguleika.

Náttúrufræðistofnun bendir á að núllkostur væri lang æskilegastur út frá náttúruverndarsjónarmiði þar sem þá sé ekki verið að taka nýtt óraskað svæði undir veg. Skoða ætti frekari útfærslur á núllkosti, t.d. undirgöng eða göngubrýr yfir Biskupstungnabraut. Náttúrufræðistofnun telji að framkvæmdin ætti að fara í umhverfismat.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að í kafla 1.6 í kynningarskýrslunni sé umfjöllun um stöðu skipulags á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Á bls. 8 sé fjallað um þær veglínur sem voru til skoðunar í aðalskipulagi, veglínur A, B, C og D og þær bornar saman. Vegagerðin hafi kosið að birta upplýsingar úr aðalskipulagsgreinargerð og forsendur aðalskipulags, til að sýna að við ákvörðun um legu Biskupstungnabrautar fram hjá Geysissvæðinu hafi verið tekin rökstudd ákvörðun um að velja veglínu B sem aðalskipulagslínu. Þegar Vegagerðin hóf vinnu við undirbúning framkvæmdarinnar voru samt sem áður skoðaðir fleiri kostir en veglína B, sem vísað sé í sem aðalskipulagslínu í skýrslunni, nema í kafla 1.6 þar sem hún sé kölluð veglína B. Rannsóknaraðilar voru fengnir til að skoða þrjár veglínur, 314, 317 og aðalskipulagslínuna. Í kafla 3.1 sé fjallað um forsendur þess að ákveðið hafi verið að aðalskipulagslínan yrði fyrir valinu.

Vegagerðin bendir á í svörum sínum að engin ákvörðun hafi verið tekin um nýja tengingu að Geysissvæðinu frá nýrri Biskupstungnabraut (35) og í kafla 3.1 í skýrslunni segi að hún sé ekki hluti af þeirri framkvæmd sem hér sé kynnt. Mynd 20 sýni mögulega legu hennar. Ef seinna reynist nauðsynlegt að leggja nýja tengingu að Geysissvæðinu þurfi að breyta skipulagi og kanna matsskyldu tengingarinnar.

Fram kemur að Vegagerðin telji núllkost ekki koma til greina. Göngubrýr og undirgöng kalli á jarðrask innan friðlýsta svæðisins, því náttúrulegar aðstæður séu ekki þannig að auðvelt sé að koma þeim fyrir. Einnig séu 24 vegtengingar á þeim kafla Biskupstungnabrautar sem sé til skoðunar en hætta á slysum aukist með fjölda vegtenginga og því sé mikilvægt að fækka þeim. Með því að koma í veg fyrir gegnumakstur á Geysissvæðinu og flytja Haukadalsveg og Biskupstungnabraut út fyrir friðlýsta svæðið og afmá þá á kafla neðan við Geysi, verði mögulegt að vernda betur friðlýsta svæðið Geysi. Með breytingunum skapist jafnframt meira rými við hverasvæðið og með tímanum gætu vistgerðir neðan við sjálfan Geysi endurheimst.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að nauðsynlegt sé að skipulag um framtíðaraðgengi að Geysissvæðinu verði tekið til heildrænar endurskoðunar sem hluti að umhverfismati framkvæmdarinnar. Að mati stofnunarinnar sé umfjöllunin að mestu bundin við einstaka þætti framkvæmdarinnar og skorti heildstæða sýn á hvernig aðgengi bílaumferðar frá nýjum þjóðvegi að svæðinu verði háttáð til framtíðar og umhverfismati vegna þessa. Slík nálgun sé forsenda þess að unnt sé að leggja raunhæft mat á áhrifum framkvæmdarinnar.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að nauðsynlegt sé að færa veginn fjær Geysissvæðinu sem fyrst til að koma í veg fyrir gegnumstreymisumferð um einn fjölsóttasta ferðamannastað landsins og þar með auka öryggi vegfarenda. Vegagerðin telji að þær tengingar að svæðinu sem kynntar séu í skýrslunni, þ.e. eftir núverandi vegum, séu fullnægjandi þar til landeigendur hafi skipulagt nýja aðkomu að svæðinu. Gert sé ráð fyrir að leggja nýjar stuttar tengingar að núverandi Biskupstungnabraut við sinn hvorn enda framkvæmdasvæðisins og að Haukadalsvegi verði breytt. Tengingin að vestanverðu verði nýtt sem tenging að ferðamannastaðnum Geysi og

frístundabyggðinni í Helludal sem sé vestan Geysis. Tengingin að austanverðu sem liggi um núverandi brú á Tungufljóti verði notuð til að tryggja aðgengi að Haukadal, golfvelli og frístundabyggð sem séu austan við ferðamannastaðinn Geysi.

4. Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Verndarsvæði

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að núverandi Biskupstungnabraut liggi um svæði á náttúruminjaskrá og meðfram friðlýstu svæði við Geysi í Haukadal. Haukadalur og Almennigur séu svæði nr. 737 á náttúruminjaskrá. Svæðið afmarkist af Laugá, Beiná, Almenningsá, Tungufljóti og skógræktargirðingunni í Haukadal. Innan þess séu hverasvæðin við Geysi og Haukadal sem séu vinsæl útivistarsvæði og áhugaverðar jarðmyndanir, m.a. líparít í Laugarfelli og gamalt hverasvæði í Hvítamel. Almennigur sé ósnortið mýrasvæði, eitt af fáum slíkum á Suðurlandi. Í undirbúningi sé að friðlýsa hluta Almennings og svæðið sé á tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Geysissvæðið í Haukadal sé eitt þekktasta goshverasvæði jarðar. Fjölmargir hverir og laugar séu á svæðinu og goshverirnir Geysir og Strokkur séu þeirra þekktastir. Á svæðinu sé einnig hverahrúður á stóru samfelldu svæði. Geysissvæðið sé einstakt á heimsvísu með hátt vísindalegt gildi og mikið fræðslu- og upplifunargildi. Svæðið var friðlýst sem náttúruvætti þann 17. júní 2020. Svæðið sé hluti af Suðurlandsundirlendinu sem teljist til mikilvægra fuglasvæða. Núverandi Biskupstungnabraut muni færast frá friðlýsta svæðinu við Geysi en lagning nýs vegar muni raska svæði nr. 737 á náttúruminjaskrá.

Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd muni raska Almenningi sem sé ósnortið mýrasvæði, eitt af fáum slíkum á Suðurlandi. Við ákvörðun um legu Biskupstungnabrautar hafi verið stefnt að því að raska náttúruverndarsvæðinu og votlendinu sem minnst. Einnig verði framkvæmdir utan þess hluta Almennings þar sem unnið sé að friðlýsingunni.

Aðalskipulagslínan sé innan náttúruverndarsvæðisins á 600 m kafla en veglínur 314 og 317 sem einnig voru skoðaðar séu innan verndarsvæðisins á um 380 m kafla. Á þeim kafla hafi votlendinu í Almenningi verið raskað með framræsluskurðum, svo þar sé ekki um ósnortið votlendi um að ræða. Þegar upplýsingar um vistgerðir á svæðinu lágu fyrir hafi verið tekið ákvörðun um að fylgja aðalskipulagslínunni á þessum kafla þótt hún raski votlendi og verndarsvæði á lengri kafla. Með því verði hægt að forðast rask á mýrahveravist. Á framkvæmdatíma verði farið fram á aðgæslu við meðferð mengandi efna. Til að lágmarka áhættu við áfyllingu olíu á vélar og tæki á framkvæmdasvæðum innan verndarsvæðis Almennings verði sett ströng skilyrði í útboðsgögnum um aðgæslu við notkun olíu, hreinsiefna og annarra mengandi efna á því svæði. Farið verði fram á að vatnspéttir dúkar verði notaðir undir áfyllingarsvæði og þar sem geymd verði hættuleg efni.

Vegagerðin telji að með því að leggja veginn á sem stystum kafla um Almennig, utan þess svæðis sem fyrirhugað sé að friðlýsta og með því að setja ströng skilyrði um mörk framkvæmdasvæðisins í útboðsgögn verði áhrif hans á verndarsvæðið óveruleg.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að svæði á náttúruminjaskrá endurspegli náttúruminjar sem taldar séu hafa sérstakt verndargildi á landsvísu. Því sé mikilvægt að áhrif framkvæmda á slík svæði séu metin með heildstæðum hætti, þar sem tekið sé tillit til allra þátta verndargildis þeirra og mögulegra samlegðaráhrifa. Í greinargerð segi að fyrirhuguð framkvæmd

raski Almenningi sem sé eitt af fáum ósnortnu mýrarsvæðum á Suðurlandi. Náttúruverndarstofnun telji að leggja þjóðveg yfir svæðið muni það hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að hún sé sammála því að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á Almenning en telji að með því að leggja veginn á sem stystum kafla um Almenning, utan þess svæðis sem fyrirhugað sé að friðlýsa og með því að setja ströng skilyrði um mörk framkvæmdasvæðis í útboðsgögn verði áhrif hans á verndarsvæðið lágmörkuð.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að stofnunin hafi lagt til að svæðið fari á B-hluta náttúruminjaskrár og feli í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar séu tilgreind, forsendur fyrir vali og helstu ógnir og aðgerðar til verndar. Ekki sé um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafi ekki hlotið þá málsmeðferð sem um geti í lögum.

Landslag og ásynd

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að nýr vegur muni liggja um fremur flatt láglandi neðan við Geysi í Haukadal. Landinu hafi víða verið raskað með framræsluskurðum, túnum og námum. Við Geysi sé útsýnisstaður á Laugarfelli ofan Geysissvæðisins og þaðan sjáist yfir fyrirhugað framkvæmdasvæði. Helsta útsýni frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé í átt að Bjarnarfelli, Laugarfelli og Geysissvæðinu. Fjórar ár eða lækir séu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði ásamt Tunugfljóti. Landslagið í nágrenni framkvæmdasvæðisins sé samsett menningarlandslag og beri sterk einkenni af landbúnaði, en hafi aðallega verið nýtt til beitar.

Vegna flatlendis verði skeringar og fyllingar hvergi breiðar og framkvæmdasvæði nýs vegar því ekki umfangsmikið og áhrif á landslag þar af leiðandi óveruleg. Útsýnið frá útsýnisstað á Laugarfelli muni breytast, en Vegagerðin telji að áhrif framkvæmdarinnar á útsýnið verði óveruleg. Fjarlægð á milli útsýnisstaðarins og fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sé 1,2-3,2 km. Svæðið sem framkvæmdasvæðið fari um hafi að stórum hluta verið raskað áður með landbúnaði, framræslu og efnistöku. Einnig séu margar byggingar, gróður og mannvirki á milli útsýnisstaðar á Laugarfelli og nýrrar veglínu Biskupstungnabrautar. Á næstu áratugum muni kjarr- og trjágróður á láglandinu vaxa og skyggja enn frekar á ásynd fyrirhugaðrar Biskupstungnabrautar frá útsýnisstað á Laugarfelli.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að mati stofnunarinnar feli fyrirhuguð veglagning í sér verulega breytingu á þessu landslagi, þar sem um sé að ræða umfangsmikið mannvirki sem muni liggja þvert í gegnum svæðið og rjúfa heild þess. Náttúruverndarstofnun bendi á að skv. lögum um náttúruvernd skuli við skipulag og framkvæmdir taka tillit til verndargildis landslags og forðast að raska því að óþörfu. Í því felist að meta þurfi heildstætt áhrif framkvæmda á landslagsheildir og sérkenni þeirra. Með hliðsjón af viðkvæmni svæðisins og því að um sé að ræða landslag sem sé lítt raskað með náttúrulegum og menningarlegum einkennum telji Náttúruverndarstofnun að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði neikvæð. Sérstaklega sé litið til þess að framkvæmdin muni breyta ásynd svæðisins til frambúðar.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að stórum hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis hafi áður verið raskað með landbúnaði, framræslu og efnistöku. Vegagerðin telji að með því að leggja veginn á sem stystum kafla um svæði á náttúruminjaskrá, að leggja hann um svæði sem sé utan þess svæðis Almennings sem tillaga sé um að friðlýsa, og velja að leggja hann í grennd við svæði sem þegar hafi verið raskað af mannavöldum með framræslu, námum, slóðum, túnum og vegagerð, verði dregið verulega úr áhrifum framkvæmdarinnar á landslag. Vegagerðin sé ekki sammála því að framkvæmdin muni rjúfa heild lítt rakaðs landslags.

Vistgerðir og gróðurfar

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að láglendið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé almennt vel gróið. Gróðurþekja framkvæmdasvæðisins sé nokkuð kaflaskipt, vesturhluti framkvæmdasvæðisins einkennist af gróskumiklum votlendisgróðri. Austan við votlendið taki við umfangsmikið víðikjarr og á köflum sé einnig mikið graslendi. Nálægð við jarðhitasvæði og volgar uppsprettur hafi staðbundin áhrif á verndargildi vistgerða og flóru. Jafnframt gæti mannlegra áhrifa á gróðurfar, einkum vegna rasks í kjölfar efnistöku á afmörkuðum svæðum, framræslu votlendis og útbreiðslu lúpínu og annarra slæðinga.

Athugunarsvæði vist- og gróðurannsóknar vegna framkvæmdarinnar var 5 km langt og tæplega 180 ha að stærð. Alls voru kortlagðar 19 vistgerðir í 7 vistlendum auk fjögurra flokka annarra landgerða fyrir manngert- og ræktarland. Víðikjarrvist var algengasta vistgerðin innan athugunarsvæða allra veglínanna sem voru til skoðunar. Fjórar vistgerðanna sem skráðar voru innan athugunarsvæðisins hafi verið skilgreindar sem forgangsvistgerðir við val svæða á framkvæmdaáætlun náttúruuminjaskrár, þ.e. starungsmýravist, gulstararflóavist, runnamýravist á láglendi og mýrarhveravist.

Fjögur votlendissvæði innan athugunarsvæðisins séu 2 ha að flatarmáli eða stærri og njóta þar af leiðandi verndar náttúruverndarlaga. Stórum hluta þess votlendis hafi áður verið raskað vegna framræslu. Votlendi milli Almenningsár og Tungufljóts sé hins vegar óraskað, það tilheyri víðáttumiklu votlendi í Almennungi, sem sé á B-hluta náttúruuminjaskrár. Um sé að ræða eitt stærsta samfellda mýrlendissvæði í uppsveitum Árnessýslu sem sé óraskað af framræslu. Allar veglínurnar sem skoðaðar voru liggja um votlendið. Allflestar vistgerðir sem skráðar séu á rannsóknarsvæðinu séu algengar í flestum landshlutum. Sjaldgæfasta vistgerðin sé mýrahveravist, hún líkt og aðrar vistgerðir jarðhitasvæða sé fágæt á landsvísu og hafi takmarkaða útbreiðslu. Verndargildi mýrahveravistar sé metið mjög hátt auk þess sem vistin njóti verndar náttúruverndarlaga. Á landsvísu hafi jarðhitavistgerðum á lághitasvæðum víða verið raskað vegna nýtingar á heitu vatni.

Innan athugunarsvæðisins fundust alls 150 háplöntutegundir. Nokkrar þeirra eru sjaldgæfar með hátt verndargildi og á valista. Sjaldgæfust sé laugadepla sem sé skráð í nokkurri hættu en sé ekki friðlýst. Tegundin hafi einungis fundist í fimm 10x10 km reitum Náttúrufræðistofnunar á landsvísu. Hún sé votlendistegund háð jarðhita og vaxi aðeins við örfáar laugar og í volgum lækjum. Innan athugunarsvæðisins séu margir skurðir, lygnir pollar, lækir og ár sem endurspeglja töluverðan fjölda vatnaháplanta auk grænþörungna og kransþörungna sem ekki voru tegundagreindir. Sjaldgæfust vatnahlantna sem fannst á svæðinu sé blöðrujurt, hún hafi fundist nokkuð víða en sé yfirleitt sjaldgæf. Blöðrujurt sé ekki talin í hættu samkvæmt valista Náttúrufræðistofnunar. Blöðrujurt hafi verið á undanhaldi síðustu áratugi, bæði vegna þurrkunar lands og vegna þess hve langt sé síðan mótekja hafi verið stunduð. Gamlar mógrafir voru meðal algengustu fundarstaða hennar. Þar sem fundarstöðum hafi fækkað megi ekki útiloka að algengismat og verndargildi tegundarinnar muni hækka ef áfram haldi sem horfi.

Alaskalúpína hafi nokkuð mikla útbreiðslu meðfram Tungufljótinu. Sem framandi ágeng tegund geti hún orðið ríkjandi í gróðurfari og leitt til neikvæðra áhrifa á líffræðilegan fjölbreytileika, bæði hjá plöntutegundum og fuglategundum. Aðfluttir slæðingar berist gjarnan á milli staða vegna athafna mannsins, s.s. með farartækjum og efnisflutningi eða að sjálfsdáðum frá nærliggjandi manngerðum svæðum. Því skal varúð höfð við notkun efnis af efnistökusvæðum þar sem lúpína hafi víða útbreiðslu og vænta megi fræforða hennar í jarðvegi.

Fyrirhuguð veglagning muni valda beinu raski á þær vistgerðir sem lendi undir vegstæðinu. Veglagning muni brjóta upp búsvæði, þar á meðal vistgerða með hátt verndargildi og vistgerðir sem séu verndaðar með náttúruverndarlögum. Allar veglínurnar valdi hlutfallslega mestu beinu raski á mólendi, sem komi til vegna víðtækrar útbreiðslu víðikjarrvistar innan athugunarsvæðisins. Allar veglínurnar sem skoðaðar voru liggi á löngum köflum í gegnum vistina, þar af leiðandi sé lítill munur á umfangi rasks á mólendi milli veglínanna. Munur á umfangi beins rasks veglínanna sé mestur ef litið sé til mýrlendis og annarra landvistgerða. Skipulagslínan (aðalvalkostur) muni valda mestu beinu raski á mýrlendi, sem hafi mjög mikið verndargildi og sum hver falli undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga.

Veglagningin muni einnig leiða til óbeinna áhrifa einkum á votlendi vegna breyttrar vatnsstöðu. Óvissa sé ávallt bundin við mat á óbeinum áhrifum rasks á votlendi. Óbeint rask vegna framkvæmdanna verði að mestu á votlendissvæðum sem ná 2 ha stærðarviðmiðum náttúruverndarlaganna. Þess beri þó að gæta stór hluti þeirra votlendissvæða sem ná stærðarviðmiðunum sé áður framræst land og teljist því ekki óraskað. Framkvæmdin geti leitt til annarra og ólíkra óbeinna áhrifa. Til dæmis vegna greiðara aðgengis framandi tegunda og aukinnar mengunarhættu. Erfitt sé að met umfang þeirra áhrifa en draga megna úr þeim með mótvægisáðgerðum.

Framkvæmdaraðili leggi til eftirfarandi mótvægisáðgerðir:

- Forðast skuli að raska jarðvegi og gróðri utan skilgreinds framkvæmdasvæðis. Ef ekki verði komist hjá raski skuli jafna það svæði eins fljótt og auðið sé og nýta svarðlag við frágang.
- Með endurheimt votlendis megi bæta upp fyrir það votlendi sem skerðist við framkvæmdina og auka þéttleika mófugla á mótvægisvæðum til að bæta upp fyrir töpuð búsvæði á framkvæmdasvæðinu.
- Forðast skuli frekari dreifingu alaskalúpínu sem einkum sé að finna við jaðra efnistökusvæða og á árbökkum innan athugunarsvæðisins. Helstu dreifingarleiðir plöntunar af mannavöldum séu dreifing fræja með jarðvinnu- og ökutækjum.

Í umsögn Lands og skógs kemur fram að stofnunin efist um að stór hluti athugunarsvæðisins, vestan Tungufljóts, beri greinileg einkenni aflagðs ræktarlands líkt og komi fram í gögnum framkvæmdaraðila. Nema þá í þeim skilningi að það hafi verið slægjur, líkt og komi fram í örnefnalýsingu fyrir Haukadal. Eldri loftmyndir eða aðrar heimildir beri ekki með sér að nein tún hafi verið á svæðinu nema tvær skákir milli skurða í Eyju og líklega eitt allstórt stykki í Laugartungu þar sem skemmst sé á milli Laugár og Beinár. Hins vegar hafi verið grafnir skurðir víðar, þó að skurðir þurfi ekki að benda til ræktunar í sjálfu sér. Skurðirnir geri það að verkum að votlendið í kringum þá geti varla talist óraskað og þannig megi sjá að fyrirhuguð veglína fari ekki verulega inn á óraskað votlendi (nema Almenni). Ekki sé dregið úr því í skýrslunni að votlendi sé mjög víða á svæðinu enda skurðirnir gamlir.

Einnig kemur fram að áætlaðar mótvægisáðgerðir megi teljast fullnægjandi þegar þar að komi, enda í samráði við Land og skóg. Stofnunin bendi þó á að ávallt skuli reyna að komast hjá því að raska óröskuðu votlendi og að endurheimt votlendis vegi varla upp neikvæð áhrif af raski á óröskuðu votlendi. Stofnunin hvetji því framkvæmdaraðila til að haga veglínu þannig að sem allra minnst af óröskuðu votlendi fari undir veg og eins að vegur þveri sem minnst af samfelldu óröskuðu votlendi.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að innan framkvæmdasvæðisins sé votlendi sem njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Samkvæmt lögunum beri að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falli, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst þyki að aðrir

kostir séu ekki fyrir hendi. Lögð sé áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin árétti að fyrirhuguð uppbygging mannvirkja réttlæti ekki sjálfkrafa röskun á votlendi sem njóti verndar skv. náttúruverndarlögum. Þó að uppbygging á samgöngumannvirkjum geti vissulega þjónað brýnum almannahagsmunum, segi í náttúruverndarlögunum að slík framkvæmd sé ekki heimiluð nema sýnt sé fram á að engir aðrir valkostir séu fyrir hendi án röskunar. Framkvæmdaraðila beri því að leggja fram haldbæran rökstuðning fyrir því að hagsmunir af framkvæmdinni séu bæði brýnir og almennir og vegi þyngra en þau náttúruverðmæti sem séu í húfi. Að mati stofnunarinnar muni framkvæmdin hafa neikvæð áhrif á votlendi sem njóti sérstakrar verndar.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að við staðsetningu nýrrar Biskupstungnabrautar hafi framkvæmdaraðili reynt að leggja veginn þannig að hann raski sem minnstu votlendi, til að draga úr neikvæðum á hrifum á votlendi, verndarsvæði, vistgerðir og fugla. Með því að fylgja aðalskipulagsveglínu við kynningu á nýrri legu Biskupstungnabrautar, megi gera ráð fyrir að hún sé í samræmi við óskir umsagnaraðila og almennings, þar sem sveitarfélagið hafi tekið upplýsta ákvörðun í kjölfar umsagnarferlis við gerð aðalskipulagsins.

Vegagerðin ætlaði upphaflega að þvera Almennung norðan við aðalskipulagslínuna til að draga úr áhrifum á votlendið, en vegna nálægðar þeirrar veglínú við vistgerðina mýrahveravist hafi verið ákveðið að færa veg línuna fjær henni og fylgja aðalskipulagslínunni.

Fram kemur að óhjákvæmilegt sé að leggja Biskupstungnabraut um votlendi til að komast fram hjá Geysissvæðinu. Reynt hafi verið að takmarka skerðingu á votlendi eins og framast sé unnt. Til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á votlendi eins og hægt sé verði vegurinn lagður beint á yfirborð, það verði ekki grafnir skurðir eða jarðvegsskipt undir og vatnsop sett í alla læki og lægðir í landslagi til að draga úr á hættu á vatnssöfnun ofan vegar. Sambærilegt votlendi og það sem raskast verði endurheimt í samráði við hagaðila og Land og skóg. Áður en framkvæmdir hefjist verði kannað nánar hvort mögulegt sé að grípa til frekari mótvægisáðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum vegalagningarinnar á votlendið umfram það sem hér kemur fram og þær aðgerðir sem kynntar séu í skýrslunni.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur einnig fram að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skuli leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að við áframhaldandi hönnun og undirbúning framkvæmdarinnar verði skoðað hvort mögulegt sé að vernda náttúrulegan bakkagróður við árfarvegi. Gengið verði vel frá árbökkum þannig að sárum í jarðvegi verði lokað eins fljótt og hægt sé. Þess verði gætt að umferð með vatnsbökkum verði sem minnst og að þær vélar sem notaðar verði smiti ekki frá sér olíu eða öðrum skaðlegum efnum. Við framkvæmdir og frágang framkvæmdasvæða verði leitast við að endurheimta staðargróður og þar með bakkagróður.

Fuglalíf

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að í Bláskógabyggð sé fuglalíf auðugt og fjölbreytt enda votlendi og birkikjarr víða. Skógarprestir, lóa, spói og hrossagaukur séu algengir í mólendinu og birkikjarrinu og vargfuglar eins og svartbakur, smyrill og kjói séu einnig algengar. Fálki hafi verpt í sveitinni og hrafnar séu einnig algengir. Votlendið sé varpsvæði jaðrakans og stelks og gæsir eiga þar athvarf að vori og hausti og álfir verpi víða við tjarnir og vötn.

Fram kemur að Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti að Hellisheiði falli undir mikilvægð fuglasvæði í kortasjá Náttúrufræðistofnunar. Fyrirhugað framkvæmdasvæði sé innan þess og þar sé mikið fuglalíf þrátt fyrir að mest öllu votlendinu hafi verið spilt með framræslu. Farfuglar dvelji þar í hópum saman að vori og hausti, og eins sé töluvert fuglalíf á vetrum við auðar ár og vötn og hin síðari ár á kornökrum.

Vettvangsrannsókn á fuglalífi var gerð á svæðinu og alls sáust 23 tegundir fugla við athuganir. Við punkttalningar sáust 20 tegundir og af þeim sýndu 13 tegundir atferli sem benti varps. Heildarþéttleiki allra tegunda var 141,8 pör á km². Við drónatalningar á tungufljóti sáust fimm tegundir andfugla og á malarbakka skammt frá sáust 21 straumönd.

Athugun á fuglalífi leiddi í ljós að flestar tegundir sem sáust teljist algengar eða all algengar á svæðinu. Það sem hafi helst verið óvenjulegt var að sjá húsandapar á svæðinu. Af þeim tegundum sem sáust hafi ein verið með stöðuna í hættu á válista þ.e. kjói. Líklegt sé að kjói verpi í námunda við framkvæmdasvæðið þó ekki hafi fundist merki um að þeir verpi á því. Áhrif á kjóa séu því líklega óveruleg. Tegundir sem séu í nokkurri hættu samkvæmt válista séu húsönd, tjaldur og kría. Húsönd sé ekki varpfugl á svæðinu og ætti ekki að verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Tjaldur sást á þrem punktum og því sé hann ekki algengur varpfugl á svæðinu. Áhrif á tjald gæti verið tap á búsvæðum en áhrif á landshlutavísi eða landsvísi séu líklega óveruleg. Kríur sáust á flugi á sjö stöðum en ekki í varpatferli. Ekki sé ólíklegt að kríur verpi í námunda við framkvæmdasvæðið þó ekki hafi fundist merki um að þær verpi á því og áhrif á hana því talin óveruleg. Tvær tegundir séu í flokknum í yfirvofandi hættu samkvæmt válistanum og það séu jaðrakan og óðinshani. Þéttleiki jaðrakana hafi verið um 4,2 pör á km² og því um eitt par sem gæti tapað búsvæði sínu. Óðinshani verpi í mjög blautu landi og finnist eingöngu í einum punkti í Almenningsá. Áin verði brúuð á þeim slóðum og óvíst að áhrifa gæti á óðinshana nema þá helst á framkvæmdatíma. Átta tegundir sem fundust tilheyri válistaflokknum metna ekki í hættu (LC) og það eigi við um allar algengustu tegundirnar. Þúfutittlingur sé langalgengastur á svæðinu með um 59 pör á km² og skógarpróstur þar næstur með um 37 pör á km².

Við lagningu vegarins muni áhrif á fugla verða tvenns konar. Annars vegar sé það truflun vegna framkvæmda sem muni að mestu verða tímabundin og hins vegar séu það bein áhrif vegna eyðingar búsvæða sem nemi því landi sem fari undir vegstæðið. Einnig virðast vegir geta haft áhrif á þéttleika fugla þannig að þéttleiki sumra mófuglategunda aukist með fjarlægð frá vegi. Þannig geti áhrif náð eitthvað út fyrir vegstæðið. Með mótvægisáðgerðum megj draga úr áhrifum veglagningar á fuglastofna t.a.m. með endurheimt votlendis. Bæta megj upp fyrir það votlendi sem skerðist við framkvæmdina og auka þéttleika mófugla á mótvægisssvæðum til að bæta upp fyrir töpuð búsvæði á framkvæmdasvæðinu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að niðurstöður rannsóknar¹ sem vitnað sé til í skýrslunni sé settar fram um fjölda fugla en ekki para. Hér væri líka hægt að bera saman niðurstöður athugana við meðalþéttleika varppara á mismunandi vistlendum eins og þær séu settar fram í fjölrítinu „*Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*“².

Einnig kemur fram í umsögninni að fækkun hafi átt sér stað á vaðfuglum undanfarin ár og hún hafi verið sérstaklega hröð á Suðurlandi. Í ljósi fækkunar séu nú fimm af algengustu tegundum vaðfugla

¹ Jóhannesdóttir, L., Arnalds, O., Brink, S & Gunnarsson, 2014. Identifying important bird habitats in sub-arctic area undergoing rapid land-use change. *Bird Study* 61: 544-552.

² Fjölrit Náttúrufræðistofnunar, mikilvæg fuglasvæði á Íslandi

hérlandis metnar vera í nokkurri hættu (VU) á válista fugla. Því skipti miklu máli að við hvers kyns uppbyggingu sé leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum á vaðfugla. Í umfjöllun um fugla sé vísað í válista Náttúrufræðistofnunar frá árinu 2018. Stofnunin bendi á að uppfærður válisti hafi verið gefin út árið 2025³.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að rétt sé að vísað sé ranglega í skýrslu Jóhannesdóttur o.fl. í skýrslu um gróður og fugla og sagt að um pör á km² sé um að ræða þegar greinin fjalli um fjölda einstaklinga á km². Þar sem talningin eigi sér stað á varptíma þúfutittlings megi ætla að annar fugl hafi legið á hreiðri í flestum tilvikum og fjöldi para því a.m.k. helmingur sem eftir sem áður væri mun meiri þétteiki en mældist við Biskupstungnabraut. Vitnað sé í vöktun Náttúrufræðistofnunar á Mýrum þar sem þéttleiki þúfutittlinga var hærri en Biskupstungnabraut og það sama eigi við í fjölríti um mikilvæg fuglasvæði.

Í svörum kemur einnig fram að út frá þéttleikamælingu þá sé fjöldi para af tegundum sem séu með stöðuna VU og tapi búsvæðum sínum ekki mikill og mögulega sé unnt að bæta það upp með endurheimt votlendis. Válistaflokkun í töflu 4-1 í skýrslu um gróður og fugla sé í samræmi við uppfærðan válista 2025. Skýrslan var upphaflega skrifuð 2024, en 2025 hafi verið bætt við hana vegna uppfærslu á veltengingu inn á Geysisvæðið. Válistaflokkun hafi verið uppfærð þá en það ljáðist að uppfæra ártal í heimildaskrá.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að þar sem framkvæmdasvæðið sé mikilvægt búsvæði margra mófugla sé mikilvægt að halda framkvæmdum, ef af þeim verði, í lágmarki á varptíma. Stofnunin bendi jafnframt á að rannsóknir bendi til þess að mófuglategundir nýti sér síður búsvæði nálægt vegum en fjarri þeim þar sem þéttleiki þeirra sé um 20% lægri innan 200 m frá vegum en utan þess svæðis. Því sé mikilvægt að meta legu vegarins m.t.t. þess að koma í veg fyrir útbreidd jaðaráhrif hans með því að brjóta búsvæði fuglanna mikið upp. Með því að hafa vegstæðið í jaðri ákjósanlegs búsvæðis megi lágmarka jaðaráhrifin. Stofnunin taki undir það mat framkvæmdaraðila að framkvæmdirnar komi til með að hafa nokkuð neikvæð áhrif á fuglalíf. Að mati stofnunarinnar sé mikilvægt að meta hljóðvistaráhrif á fuglalíf við skipulag og framkvæmdir og eftir því sem við eigi að grípa til mótvægisáðgerða svo sem með staðarvali, takmörkunum á framkvæmdum á varptíma og vöktun á áhrifum.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að varptími fugla sé mismunandi, eða frá apríl til júlí. Vegagerðin telji að vegna eðlis framkvæmdar og staðsetningar sé ekki mögulegt að stöðva framkvæmdir í svo langan tíma. Vegagerðin hafi aftur á móti í nokkrum tilfellum raskað óhreyfðu landi áður en varptími hefjist, til að koma í veg fyrir að fuglar verpi innan fyrirhugaðra framkvæmdasvæða og sé tilbúin að skoða það fyrir þessa framkvæmd. Við frekari undirbúning framkvæmdarinnar verði haft samráð við Náttúruverndarstofnun um til hvaða mótvægisáðgerða sé mögulegt að grípa, til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á fugla, umfram það sem komi fram í skýrslunni.

Fornleifar

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að Vegagerðin hafi fengið Fornleifastofnun Íslands til að kanna framkvæmdasvæðið m.t.t. fornleifa í október 2022. Fornleifar voru ekki kannaðar á þeim hluta rannsóknasvæðisins sem bætt var við sumarið 2025 vegna breytinga á Haukadalsvegi og

³ [Fjölrit Náttúrufræðistofnunar, válisti fugla 2025](#)

mögulegrar nýrrar tengingar að Geysissvæðinu en skv. Fornleifastofnun Ísland gætu þær raskað gömlum leiðum. Ráðast þurfi í rannsóknir á þessum svæðum áður en framkvæmdir hefjast.

Fram kemur að innan framkvæmdasvæðisins fundust 10 minjastaðir;

Samtala	Tegund	Fjarlægð frá framkvæmdasvæði*	Umfang minja	Minja-gildi	Umhverfisáhrif	Mótvægisáðgerðir**
ÁR-360:004	Útihús í heimatúni	85 m frá enda framkvæmdasvæðis við Brú	Líklega horfið, eða sama og 360:027	Sjá 027	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf	Ólíklegar
ÁR-360:027	Rústahóll og heimatún	73 m frá enda framkvæmdasvæðis við Brú	Fornleifar leynast mjög líklega undir sverði	Mikið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf	Ólíklegar
ÁR-360:028	Útihús í heimatúni	117 m frá enda framkvæmdasvæðis við Brú	Horfið á yfirborði, líklega ekki fornleif	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf	Ólíklegar
ÁR-360:029	Hugsanleg mógröf	450 m N við veglinu	Gæti verið náttúrulegt	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf	Ólíklegar
ÁR-361:103	Hugsanleg mógröf	157 m N við veglinu	Lítill mógröf	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf	Ólíklegar
ÁR-361:104_01	Beitarhústöft	203 m N við veglinu	Lítill, mjög líklega fornleif	Mikið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf. Þegar í hættu vegna landrofs við Tungufljót	Ólíklegar
ÁR-361:104_02	Þúst með óþekkt hlutverk	229 m N við veglinu	Lítill, mjög líklega fornleif	Mikið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf	Ólíklegar
ÁR-691:004	Konungsvegur	90 m V við veglinu	Menningar sögulegt gildi	Miðlungs	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf	Ólíklegar

Samtala	Tegund	Fjarlægð frá framkvæmdasvæði*	Umfang minja	Minja-gildi	Umhverfisáhrif	Mótvægisáðgerðir**
ÁR-691:095	Leið, Herforingjaróðskort	Liggur N-S yfir veglinu	Virðist að mestu horfin	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf	Ólíklegar
ÁR-691:097a	Vegur, brot, Herforingjar.k	437 m N við veglinu	Yngstu ummerki, mjór, ruddur vegur	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf	Ólíklegar
ÁR-691:097b	Vegur, brot	Liggur N-S yfir veglinu	Yngstu ummerki, mjór, ruddur vegur	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf	Mögulega frekari rannsóknir
ÁR-691:097c	Vegur, brot	79 m S við veglinu	Yngstu ummerki, mjór, ruddur vegur	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf	Ólíklegar
ÁR-691:112	Götur	276 m N við veglinu	Grónir hestaslóðar	Lítið	Bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf	Ólíklegar

Mynd 2. Samantekt á þeim minjastöðum sem fjallað sé um í matsskyldufyrirspurn, umfang þeirra og eðli umhverfisáhrifa vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Umfangsmestu/mikilvægustu minjarnar séu merktar með gráum lit. (*Fjarlægð fornleifar frá ystu mörkum fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis var mæld af loftmyndum af starfsmönnum Vegagerðarinnar. **Tillögur að mótvægisáðgerðum voru unnar af starfsmönnum Vegagerðarinnar.) Mynd fengin úr greinargerð Vegagerðarinnar.

Fram kemur að allir skráðir minjastaðir séu skilgreindir í stórhættu vegna vegagerðarinnar og ein töft einnig metin í stórhættu vegna vindrofs og landbrots á vesturbakka Tungufljóts. Með tilliti til eðlis og umfangs skráðra menningarminja verði umhverfisáhrif að teljast minniháttar á áhrifasvæði þessa vegkafla á Biskupstungnabraut austan Geysis. Áhrif vegagerðar á skráða minjastaði verði þó að öllum líkindum bein, neikvæð, varanleg og óafturkræf meðfram þeirri veglinu sem hafi verið valin. Engar friðaðar fornleifar séu skráðar innan áhrifasvæðisins.

Fram kemur að Konungsvegurinn hafi mikið menningarsögulegt gildi og að öllum líkindum séu mannvirki við Tungufljót eldri en 100 ára, a.m.k. að hluta. Aðrir minjastaðir séu ýmist horfnir eða teljist hafa minna gildi eins og meintar mógrafir og leifar gamalla ferðaleiða sem þegar séu mikið til horfnar og/eða skemmdar á þessu svæði, t.d. vegna malarnáms og landrofs.

Framkvæmdaraðili telji að sú veglína sem hér sé kynnt raski fornleifum lítið. Þannig sé sneitt algerlega framhjá flestum skráðum minjastöðum, fyrir utan vegkafla ÁR-691:097b sem liggja N-S yfir veglínu. Þó verði einnig að taka fram að flatlendið milli Almenningsár, Tungufljóts og Augnalækjar hafi mikið verið notað til beitar búpenings og minjar séu einnig þekktar með bökkum þessara vatnsfalla norðan og sunnan skráðra áhrifasvæða. Því sé hér settur sá fyrirvari að fleiri fornleifar geti leynst undir sverði meðfram bökkum þessara vatnsfalla á svæðinu, sérstaklega í nálægð við Borgarhól á vesturbakka Augnalækjar. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmdar sé það hlutverk Minjastofnunar Íslands að gefa lokamat og taka ákvörðun um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megja víkja við slíkar aðstæður. Vegagerðin muni hafa samráð við Minjastofnun Íslands vegna fornleifa á svæðinu og óska eftir leyfi til stofnunarinnar þar sem nauðsynlegt reynist að raska fornleifum og fara í frekari rannsóknir ef þess gerist þörf. Við lagningu Biskupstungnabrautar eftir aðalskipulagsveglínunni þurfi að raska eftirtöldum fornleifum: ÁR-691:095 heimild um götu milli Kjarnholta og brúar á Tungufljót, lítið minjagildi og ÁR-691:097c leifar af götu milli Gýgjarhóls og brúar á Tungufljót, lítið minjagildi.

Fram kemur að gera megja ráð fyrir að skráðar fornminjar innan fyrirhugaðs áhrifasvæðis, mögulega aðeins þær sem verði innan 50 m frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eða hafi hátt verndargildi, verði merktar með áberandi hætti og kynntar í útboðsgögnum til að koma í veg fyrir að þær verði skemmdar af vangá. Í útboðsgögnum verði lögð áhersla á að raska ekki landi utan skilgreinds framkvæmdasvæðis. Gripið verði til merkingar, vöktunar, forkönnunar eða fornleifauppgraftar í samráði við Minjastofnun Íslands. Ef í ljós komi áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verði haft samráð við Minjastofnun Íslands varðandi aðgerðir í samræmi við lög um menningarminjar.

Vatnshlot og laxfiskar

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að vegna nýrrar Biskupstungnabrautar verði Tungufljót brúað en áætlað sé að setja stálræsi í Laugá. Ný veglína liggja fast neðan ármóta Almenningsár og Beinár og því þurfi mögulega að byggja brú á ána í stað þess að byggja tvö ræsi. Við brúa og ræsaönnun þurfi að miða við að raska farvegum sem minnst og að rask í ánum verði utan veiðitímabils. Við brúarbyggingu og gerð ræsa sé hugsanlegt að verktaki byggji bráðabirgðaundirstöður út í viðkomandi á. Við það geti grugg í ánni aukist tímabundið og staðbundið á framkvæmdatíma. Reikna megja með að gruggið verði óverulegt en það kunni að hafa í för með sér að eitthvað af seiðum og smádyrum drepist. Tryggja þurfi að laxfiskar og seiði þeirra geti gengið hindrunarlaust upp í gegnum ræsin að framkvæmdum loknum. Við val á gerð ræsa sé miðað við að nota heildregin stálrör, þar sem botninn verði grafinn niður í farvegin. Með því verði tryggt að botn ána verði áfram náttúrulegur. Ræsi verði nægilega víð til að straumhraði vatns verði ekki of mikill og halli þeirra verði þannig að ekki sé hætt á að fossar myndist við neðri enda ræsa.

Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé innan grunnvatnshlotsins Kerlingarfjöll-Hreppar (103-287-G). Við framkvæmdirnar þurfi að þvera fjórar ár þ.e. Laugá, Beiná, Almenningsá og Tungufljót. Að auki verði Farvegur (Brúarlækur) innan framkvæmdasvæðisins. Þau straumvatnshlot sem séu innan framkvæmdasvæðisins séu eftirfarandi: Laugará (103-765-R), Beiná / Stekkjatúnsá (Almenningsá) (103-771-R), Tungufljót 2 (103-616-R) og Brúarlækur (Farvegur) 103-771-R). Ár og lækir á svæðinu teljist til mýrarvatna á láglandi skv. skilgreiningu Veðurstofu Íslands og í þeim sé bergvatn.

Fram kemur að Tungufljót sé fiskgengt af náttúrunnar hendi að fossinum Faxe þar sem komið hefur verið fyrir laxastiga. Lax, urriði og bleikja séu í Tungufljóti og staðbundin urriði og bleikja ríkjandi tegundir laxfiska á efri hluta vatnasvæðisins. Veiðifélag sé um Tungufljót neðan Faxe sem sé deild

innan Veiðifélags Árnesinga en ofan við fossinn sé sjálfstætt veiðifélag; Veiðifélag Faxe. Stangveiðifélagið Lax-á sé leigutaki í Tungufljóti á silungasvæðinu ofan ármóta Einholtslækjar og Tungufljóts og eins langt upp með fljótinu og menn kæri sig um að fara. Einnig sé veitt í þverám Tungufljóts. Eingöngu megi veiða og sleppa. Nokkuð náttúrulegt uppeldi laxaseiða sé í Tungufljóti og þverám þess en umtalsverðu magni laxagönguseiða hafi einnig verið sleppt í Tungufljót frá árinu 2003. Botndýrarannsóknir frá árinu 2015 í Tungufljóti sýna að kísilþörungar séu algengasti hópur þörunga í Tungufljóti (81,1–84%). Þéttleiki botnlægra hryggleysingja í Tungufljóti sé allmikill, sem heildarþéttleiki botndýra var 66–236 þúsund einstaklingar á hvern fermetra. Í samanburði við aðrar lindár á landinu sé þéttleiki botndýra í Tungufljóti í hærri kantinum. Rykmý sé ríkjandi og hlutur þess sé yfir 90% allra botndýra.

Fram kemur að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi fundist lítið af fiski og eingöngu seiði urriða. Botngerð á þverunarstöðum hafi víðast verið fingerð sem séu síður heppileg búsvæði fyrir laxfiska. Fiskur sé hinsvegar á svæðinu og að öllum líkindum sé far fiski um svæðið bæði seiða og stærra fiski. Við framkvæmdir við ár og vötn sé mikilvægt að huga vel að verndun vatnsgæða og lífríkis í vatni. Þetta eigi jafnt við um rask á farvegum og umhverfis þeirra, sem og almenna umgengni. Áhrif framkvæmdanna gætu komið fram utan framkvæmdasvæðisins. Afföll í seiðastofnum geti haft áhrif á viðgang stofna, fiskgengd, veiðimöguleika sem og verðmæti veiða síðar. Mikilvægt sé að framkvæmdir valdi sem minnstri truflun á göngu fiska, bæði stálpaðra fiska og seiða. Rannsóknir sem gerðar hafi verið sýni að ræsi hafi oftast neikvæðari áhrif á bæði búsvæði, framleiðslu og far ferskvatnsfiska samanborið við brýr. Búsvæði tapist vegna þrenginga um ræsi og meiri hættu sé að ræsi séu ófiskgeng samanborið við brýr. Almennu sé því heppilegra fyrir göngur og búsvæði fiska að nota þveranir með opnum botni sem helst nái yfir flóðafar vatnsfalla. Fall geti myndast úr neðri enda ræsis, en aðeins lítill hæðarmunur geti valdið því að ræsi verði ófiskgeng. Slíkt megi koma í veg fyrir með t.d. hálfbogaræsum. Mótstaða vatns í ræsum sé oft minni en á botni vegna ólíks yfirborðs og ef einnig sé um þrengingar að ræða geti straumhraði aukist. Það geti leitt til göngutafar og/eða gönguhindrana fyrir fiski einkum seiða. Auk þess aukist rof máttur vatns neðan ræsis vegna meira straumhraða. Það geti leitt til þess að botn farvegjar neðan ræsis lækki og straumur aukist og foss myndist. Ef komi til þess að ræsi verði gönguhindrun geti þurft að upphefja það við tilheyrandi kostnaði síðar. Lagt sé upp með að ræsi verði heildregin en að botn þeirra verði grafinn niður fyrir farveginn um 20% af þvermáli þeirra. Brú á Tungufljót verði líklega 61 m löng plötubrú í tveimur höfum með 42 m breiðu vatnsopi. Í kjölfar rannsókna Hafrannsóknastofnunar telji stofnunin æskilegt að þar sem veglínur þveri ár og læki og ekki verði gerð brú, verði notast við bogaræsi svo röskun á búsvæðum seiða og laxfiska og göngum þeirra verði sem minnst. Þó lækir séu vatnslitlir þá geti þeir verið frjósamir og mikilvægir til uppeldis seiða laxfiska og þá einkum urriðaseiða. Ef farið verði í niðurgrafin heildregin ræsi þurfi að gæta þess að seiði og stærri fiskur geti gengið um ræsin og geti fyrirstaða og/eða gróft efni í botni ræsa hjálpað til þess.

Fram kemur að efni til framkvæmda ætti ekki að taka úr virkun farvegum vatnsfalla eða það nærri þeim að efnistakan geti haft áhrif á lífríki þeirra. Áhrif þess að taka efni úr ám séu með beinum hætti á þær lífverur sem fyrir séu á námusvæðinu. Ofan við efnistöku staðinn aukist straumhraði vegna aukins hæðarmismunar og aukið efnisskrif eigi sér stað sem hafi áhrif á lífríkið á því svæði. Í verstu tilfellum sitji aðeins eftir stórgrýti eða klöppin ein. Ef um vegfyllingar verði um að ræða vegna brúargerðar geti þrenging að farvegum valdið auknum straumhraða sem geti hindrað far fiska. Þetta eigi einnig við um þrengingar í ræsum. Gæta þurfi þess að straumhraði fari ekki yfir mörk. Til að reyna tryggja far seiða ætti straumhraði í þverunum ekki að vera minni en 0.3 m/sek. Ef botn sé gerður náttúrulegur geti straumhraði verið meiri. Dýpi í þverunum þurfi að vera að lágmarki 0,2 m

til að tryggja gengd fullorðinna laxfiska. Mikilvægt sé að standa að öllum þáttum þannig að röskun verði sem minnst. Gæta þurfi þess að við efnistöku eða aðrar framkvæmdir verði ekki farið í farveg vatnsfalla eða það nærri þeim að vatn geti flætt inn á efnistökusvæðin.

Fram kemur að eftirfarandi þætti þurfi að hafa í huga til að lágmarka áhrif á lífríki:

- 1) Framkvæmdaaðili skuli gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn áa og lækja svo sem að grugga það upp.
- 2) Hindra skuli að olía eða aðrir skaðlegir vökvar leki úr vinnuvélum og tækjum í eða við vatnsföll.
- 3) Takmarka ætti framkvæmdasvæðið í vatnsföllum eins og kostur sé og gæta þess að spilla ekki árbökkum frekar en nauðsynlegt sé framkvæmdarinnar vegna.
- 4) Ganga skuli þannig frá efni sem grafið sé upp úr árfarvegi að ekki skolist úr því grugg niður í árvatnið í rigningu.
- 5) Ganga skuli frá framkvæmdastað þannig að ekki verði nein hætta á að lífríki skaðist.
- 6) Ganga skuli frá jarðvegssárum nálægt bökkum vatnsfalla þannig að ekki skolist jarðvegur út í þau.
- 7) Þegar um fínan sand sé að ræða þurfi að gæta að því að koma í veg fyrir fok.
- 8) Við notkun steypu skuli hafa í huga að óhörðnuð steypa sé mengandi. Hún sé hættuleg lífríkinu komist hún í beina snertingu við árvatnið. Ef unnt sé væri æskilegt að forða því að steypa eða steypuskol leki út í árvatnið. Steypa þurfi a.m.k. viku til að harðna svo að óhætt sé að hleypa árvatni í snertingu við hana.

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála sé markmið þeirra að vernda vatn og vistkerfi þess, hrindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt sé lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímaverndar vatnsauðlindarinnar. Við allar framkvæmdir í ám og vötnum skuli því leita allra leiða til þess að komast hjá því að vatnsgæði spillist og að afkoma lífríkis í vatni versni við framkvæmdir. Að mati Hafrannsóknastofnunar sé framkvæmdin ekki líkleg til að hafa í för með sér miklar breytingar á vatnshlotum ef farið verði eftir fyrrgreindum ráðleggingum og eins og framkvæmdin sé kynnt. Samkvæmt vatnavefsjá hafi vatnshlotin ekkert skráð álag. Vatnsaflsvirkjanir séu hins vegar í vatnshloti Tungufljóts í landi Brúar og í vatnshloti Almenningsár, við byggðina að Geysi, sem báðar valdi rofi á samfellu vatnshlots og öðru álagi. Umrædd framkvæmd muni hafa áhrif á lífríki vatnsfalla. Ef farið verður að ofangreindum ráðleggingum megi minnka þau og þau verði mestu staðbundin og tímabundin meðan á framkvæmdum stendur.

Í gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að stofnunin muni fara eftir leiðbeiningum Hafrannsóknastofnunar sem komi fram hér að framan og atriði 1-8 muni verða sett í útboðsgögn. Rask verði á árfarvegum og lækjum og straumvatnshlotum þar af leiðandi raskað. Framkvæmdir verði í farvegum þeirra vatnsfalla sem fjallað sé um hér að ofan þar sem þau verði þveruð. Við framkvæmdirnar verði rammatilskipun Evrópusambandsins um verndun vatns uppfyllt. Framkvæmdir verði hannaðar þannig að óveruleg breyting verði á vatnshlotum. Á framkvæmdatíma verði þess gætt að verktaki sýni aðgæslu á svæðum innan 100 m fjarlægðar frá ánum til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í árvatn. Einnig verði gerðar kröfur um sérstaka aðgæslu verktaka við rask á notkun mengandi efna þar sem votlendi verði raskað. Framkvæmdin verði í samræmi við lög um stjórn vatnamála og reglugerð um stjórn vatnamála og Vatnaáætlun Íslands 2022-2027. Vegagerðin telji að áhrif á laxfiska og vatnshlot verði tímabundin og ekki veruleg.

Um frekari mótvægisáðgerðir framkvæmdaraðila vísast að öðru leyti til kafla 7 í matsskyldufyrirspurn Vegagerðarinnar.

5. Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 en skoða þarf breytingar á efnistökusvæðum á skipulagi. Á aðalskipulagsuppdraetti er ný veglína Biskupstungnabrautar (35) sýnd. Þar segir um Biskupstungnabraut „*Liggur milli Hringvegjar vestan við Selfoss og Gullfoss. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði færður suður fyrir Geysissvæðið. Hann komi til með að sveigja til austurs á mótis við bæinn Árgil og tengist inn á núverandi veg á mótis við bæinn Brú. Setja þarf nýja brú á Tungufljót og gera ráð fyrir breytttri vegtengingu í Haukadal. Ekki verður gegnumakstur um Geysissvæðið. Í tengslum við færslu vegarins breytist tenging Haukadalsvegjar við Biskupstungnabraut.*

Í gildi er Deiliskipulag Ferðaþjónustusvæðis við Hótel Geysi og Geysisstofu frá árinu 2009. Síðan hafa verið gerðar ýmsar breytingar á því og árið 2025 var samþykkt breyting á útfærslu bílastæða. Þar kemur fram að óvissa er með legu og tímasetningu tengingar við nýjan þjóðveg sem mun fara suður fyrir deiliskipulagssvæðið og miðast því væntanlegar framkvæmdir við óbreytta aðkomu frá norðri. Á sama tíma er leitast við að draga úr akstri framan við þjónustubygginguna og hótél eins og kostur er og færa bílastæði og rútustæði til suðurs. Framkvæmdin kallar á breytingu á deiliskipulaginu.

Framkvæmd við endurbætur á vegi að Haukadalsskógi kallar á breytingu á Deiliskipulagi Haukadals III, frístundabyggð og hugsanlega á Deiliskipulagi fyrir Geysissvæðið í Haukadal. Þá þarf að skoða hvort framkvæmdin kalli á breytingu á Deiliskipulagi fyrir verslunar- og þjónustusvæði í landi Kjóstaða 1.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi frá Bláskógabyggð skv. skipulagslögum og starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðulands vegna efnistöku og steinmölun sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnareftirlit og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Einnig veitir Heilbrigðiseftirlitið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð um hollustuhætti.

Ef hættu er á að náttúruminum verði raskað þarf að sækja um leyfi til Náttúruverndarstofnunar skv. lögum um náttúruvernd, áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út.

Þar sem veiðivatni er raskað þarf að sækja um leyfi til Fiskistofu vegna framkvæmdanna sbr. lög um Lax- og silungsveiði. Framkvæmdin þarf einnig að vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun Íslands.

Leyfi þarf frá Minjastofnun Íslands ef raska á fornleifum skv. lögum um menningarminjar.

6. Niðurstaða

Um er að ræða færslu á Biskupstungnabraut (35-08) suður fyrir Geysissvæðið auk tenginga og efnistöku. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.08 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar í heild, nýtingar náttúruauðlinda, mengun og ónæði sem varða framkvæmdina sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða nokkuð umfangsmikla framkvæmd sem felst í lagningu á nýrri Biskupstungnabraut á um 5 km kafla auk færslu á haukadalsvegi á um 750 m löngum kafla. Þvera þarf fjórar ár við veglagninguna auk minni lækja. Áætluð efnisþörf er rúmlega 152 þúsund m³.

Í greinargerð Vegagerðarinnar segir að með vaxandi umferð komi til greina að tengja Geysissvæðið til suðurs niður á nýja Biskupstungnabraut en sú tenging sé ekki á aðalskipulagi og sé því ekki útfærð frekar og sé ekki hluti af tilkynntri framkvæmd. Tengingin er engu að síður sýnd á teikningum sem fylgdu greinargerðinni og var innan rannsóknarsvæðis vegna gróðurs og fugla. Þá hefur verið gert ráð fyrir aðkomu að Geysissvæðinu að sunnan nokkurn tíma í tengslum við færslu Biskupstungnabrautar. Meðal annars var gert ráð fyrir aðkomu að sunnanverðu í breytingu á deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðisins við Geysi árið 2024. Ári síðar var gerð breyting á deiliskipulaginu þar sem aðkomu að sunnanverðu var frestað þar sem óvissa var með legu og tímasetningu nýrrar Biskupstungnabrautar.

Að mati HMS er ekki hægt að horfa eingöngu til áhrifa af færslu Biskupstungnabrautar, eins og hún er tilgreind í greinargerð Vegagerðarinnar, og undanskilja áhrif af frekari vegtengingum sem færslan er líkleg til að leiða til. Í því ljósi má m.a. benda á að með því að loka fyrir gegnumakstur um Geysissvæðis og fjarlægja núverandi Biskupstungnabraut vestan tengingar við breyttan Haukadalsveg verður engin augljós tenging við austurhluta Geysissvæðisins og þær byggingar sem þar eru.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns, aðgengileika og gæða, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, ár- og vatnsbakka, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Ný Biskupstungnabraut kemur til með að liggja um svæði nr. 737 á náttúruminjaskrá (Haukadalur og Almennigur). Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að hluti svæðisins, þ.e. Almennigur fari á B-hluta náttúruminjaskrár og var svæðið eitt þeirra svæða sem tillaga umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár tók til og var kynnt í febrúar 2024. Svæðið er ekki komið á gildandi B-hluta náttúruminjaskrár en engu að síður verður að telja að svæðið hafi hátt verndargildi en svæðið er gróskumikið votlendi með ríku fuglalífi og eitt stærsta samfellda mýrlendissvæði í uppsveitum Árnessýslu. Fyrirhuguð veglína kemur ekki til með að liggja innan Almennings, eins og það var afmarkað í tillögu að framkvæmdaáætlun, en hún mun liggja á mörkum þess.

Geysissvæðið er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins en svæðið þykir einstakt á heimsvísu með hátt vísindalegt gildi og með mikið fræðslu- og upplifunargildi. Færsla Haukadalsvegjar felur í sér uppbyggingu vegar á óbyggðu svæði austan Beinár, þverun Beinár og tengingu við núverandi Haukadalsveg innan friðlýsta náttúruvættisins Geysis auk svæðis nr. 737 á náttúruminjaskrá. Veglagningunni munu fylgja fyllingar og skeringar innan náttúruvættisins. Vegurinn kemur til með að þvera Beiná til móts við Geysisgil en um Geysisgil rennur jarðhitalækur til Beinár, skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar.

Vegurinn liggja um nyrsta hluta votlendisins sem kennt er við Almennings en nýtur það sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga. Auk þess að valda beinu raski á votlendi sem nýtur verndar getur veglagning haft áhrif á vatnsflæði um votlendi og því haft áhrif á votlendi utan þess svæðis sem verður fyrir beinu raski.

Framkvæmdasvæðið er innan Suðurlandsundirlendisins sem hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og þá þykir Almenningsur búa yfir ríkulegu fuglalífi. Áhrif á fugla munu felast í tapi á búsvæðum vegna mannvirkja auk þess sem framkvæmdin getur dregið úr þéttleika fugla í nágrenni vegarins.

Vegna framkvæmdarinnar munu eiga sér talsverðar framkvæmdir í ám og á árbökkum. Ný veglína Biskupstungnabrautar kemur t.d. til með að liggja við ármót Almenningsár og Beinár og verður þverunin með brú eða tveimur ræsum. Jafnframt mun færslu á Haukadalsvegi fylgja ný þverun yfir Beiná. Verði ný Biskupstungnabraut tengd við Geysissvæðið að sunnanverðu má gera ráð fyrir tveimur þverunum til viðbótar. Núverandi Biskupstungnabraut liggur yfir Beiná á ræsi en einnig er fyrir stífla í Beina við þjónustusvæðið á Geysi og liggur vegur yfir stífluna. Þá hefur Beiná einnig verið þveruð um 200 m fyrir neðan stífluna. Fyrirnefndar þveranir yfir Beiná eru allar á tiltölulega stuttum kafla og því vakna spurningar um áhrif á samfellu árinna og vatnsformfræði hennar. Verði af suðurtengingu Geysissvæðisins við Biskupstungnabraut mun einnig þurfa aðra þverun á Almenningsá rétt ofan við áformaða þverun vegna nýs Biskupstungnavegar.

Ekki liggur fyrir hvaðan efni mun koma en í greinargerð Vegagerðarinnar eru tilgreind 18 möguleg efnistökusvæði í nágrenni Geysissvæðisins. Um er að ræða nokkuð fjölbreytt svæði þar sem efnistaka kemur til greina en m.a. er um að ræða svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. svæði nr. 736 (Brúarlöð) og svæði nr. 739 (Brúará og Brúarskörð) auk þess sem nokkur fjöldi efnistökusvæða eru í árfarvegum eða við árfarvegi. Ein náma (E89) er við Kjalveg og er sýnd utan marka miðhálandisins á skipulagi en í viðauka með greinargerð Vegagerðarinnar segir að líklega sé náman ekki rétt staðsett skv. skipulagi og er líkleg staðsetning sögð norðar, innan miðhálandismarka.

Í kafla 5.9.4 í greinargerð kemur fram að farið verði eftir leiðbeiningum Hafrannsóknastofnunar en meðal leiðbeininga stofnunarinnar var að ekki ætti að taka efni úr virkum farvegum vatnsfalla eða það nærri þeim að efnistakan gæti haft áhrif á lífríki þeirra. Leiðir það til þess að mögulegum efnistökusvæðum skv. greinargerð fækkar nokkuð. Þá benda loftmyndir til að hluti þeirra efnistökusvæða sem koma til greina hefur verið fullnýttur með tilliti til flatarmáls.

Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati ber að skoða gerð og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifum með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er viðkvæmt og með hátt verndargildi með tilliti til líffræðilegs fjölbreytileika og jarðminja auk þess að hafa hátt vísindalegt gildi og upplifunargildi. Framkvæmdin kemur til með að hafa fjölbreytt áhrif, sem felast meðal annars í talsverðu raski á votlendi með hátt verndargildi og ríkulegu fuglalífi.

Veglagningin mun hafa í för með sér talsverða breytingu á landslagi Almennings. Færslu Haukadalsvegar fylgir ekki umfangsmikil mannvirkjagerð en sökum viðkvæmni og mikilvægis

Geysissvæðisins er landslagið viðkvæmt og staðbundin áhrif á nærumhverfi Geysis geta því verið talsverð.

Færsla Biskupstungnabrautar kemur til með að fela í sér talsvert af framkvæmdum í ám og lækjum og að mati HMS er uppi óvissa um áhrif á samfellu og vatnsformfræði Beinár sem telst til vatnshlotsins Beiná/Stekkjartúnsá (103-768-R).

Óvissa er uppi um áhrif efnistöku á umhverfið en ekki er fjallað sérsaklega um áhrif af efnistöku í greinargerð Vegagerðarinnar. Að mati HMS eru nokkur af þeim efnistökusvæðum sem koma til greina á viðkvæmum svæðum enda er um að ræða mögulegar námur innan verndarsvæða og miðhálandisins.

Framkvæmdaraðili hefur lagt til ýmsar mótvægisaðgerðir til að draga úr áhrifum framkvæmdar, m.a. á votlendi og vatnshlot. Að mati HMS eru þær almennt til þess fallnar að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar en eftirstandandi áhrif geti engu að síður talist umtalsverð.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Húsnaðis- mannvirkja- og skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 20. júlí 2026.

Reykjavík, 19. júní 2026

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

